

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 171/2002**

**frá 6. desember 2002**

**um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2000 frá 25. febrúar 2000 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9c. **32001 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (Stjtið. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„EFTA-ríkjunum er boðið að senda fulltrúa á fundi samskiptanefndarinnar.“ “

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 20, 12.4.2001, bls. 225.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 2001/84/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.